

Sveitarstjórn Skorradalshrepps
Hvanneyrargötu 3
Hvanneyri

Dagsetning: 30. maí 2024

Efni: Tillaga um viðræður um sameiningu skv. 119. gr. Sveitarstjórnarlaga

Í desember 2023 samþykktu sveitarstjórnir Borgarbyggðar og Skorradalshrepps að skipa verkefnisstjórn til að leiða óformlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaganna og vinna mat á því hvort fýsilegt er að hefja formlegar viðræður um sameiningu skv. 119. gr. Sveitarstjórnarlaga sem lyki með íbúakosningu.

Í verkefnisstjórnina skipuðu sveitarstjórnir sveitarfélaganna tveggja hvort sína tvo fulltrúa. Fulltrúar Borgarbyggðar voru Guðveig Eyglóardóttir og Ragnildur Eva Jónsdóttir en Jón Einarsson og Guðný Elíasdóttir sátu í verkefnisstjórn fyrir Skorradalshrepp. Lilja B. Ágústsdóttir var starfsmaður verkefnisstjórnar og samið var við KPMG um verkefnisstjórnun og ráðgjöf.

Verkefnisstjórnin fundaði sex sinnum á verkefnistímanum. Haldnir voru tveir samráðsfundir með íbúum í Skorradalshreppi og einn samráðsfundur í Borgarbyggð. Einnig var haldinn sameiginlegur íbúafundur í Félagsheimilinu Brún þar sem forsendur tillögu verkefnisstjórnar voru kynntar.

Verkefnisstjórn hefur lokið störfum og leggur til við sveitarstjórnirnar að gengið verði til formlegra viðræðna um sameiningu. Forsendur niðurstöðu verkefnisstjórnar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

Virðingarfyllt,

Guðveig Eyglóardóttir

Guðný Elíasdóttir

Ragnildur Eva Jónsdóttir

Jón Einarsson

Tillaga að bókun sveitarstjórnar:

Í bréfi dagsettu 28. maí 2024 leggur verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Borgarbyggðar og Skorradalshrepps til við sveitarstjórnir sveitarfélaganna tveggja að gengið verði til formlegra viðræðna um sameiningu skv. 119. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Sveitarstjórn Skorradalshrepps samþykkir fyrir sitt leiti að hefja formlegar sameiningarviðræður við sveitarstjórn Borgarbyggðar skv. 119. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sveitarstjórn skipar eftirtalda X aðalfulltrúa og X til vara í samstarfsnefnd sem skal kanna möguleika á sameiningu sveitarfélaganna:

<Nöfn nefndarmanna>

Sveitarstjórn beinir því til samstarfsnefndar að stefnt verði að kosningu um sameiningu vorið 2025. Samstarfsnefnd skal leita eftir sjónarmiðum og hugmyndum íbúa, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila við undirbúning tillögu sem lögð verður fyrir íbúa í atkvæðagreiðslu. Samstarfsnefnd er falið að gera verk- og tímaáætlun fyrir verkefnið og sækja um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að standa straum af kostnaði.

